

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmarkis ber að greiða 1 800,00 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmarkis í styttri tíma og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 125,00 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi er hann hefur bráðabirgðaskráningarmarki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

**III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
nr. 46 13.maí 1977.**

12. gr.

	Kr.
Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:	
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	250,00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	125,00
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	80,00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 802 28. desember 1983 um dómsmálagjöld o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Sauðárkróks og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.